

**173. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,  
4. október 2021 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1906107 - Forvarnarmál Akraneskaupstaðar**

Verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála á Akranesi fer yfir stöðu forvarnarmála.

Miðvikudaginn 6. október 2021 verður Forvarnardagurinn haldinn í grunn- og framhaldsskólum landsins.

*Heiðrún Janusardóttir og Ívar Orri Kristjánsson taka sæti á fundinum.*

**2. 2108137 - Ungmennaping Vesturlands**

Ívar kynnir fyrirhugað ungmennaping á vegum SSV en skipulagning þingsins er á ábyrgð Akraneskaupstaðar. Þingið verður haldið á Lýsuhóli á vorönn 2021. Þingið er hugsað fyrir ungmenni 14 - 25 ára.

**3. 2104256 - Ungmennahús - erindi ungmennaráðs**

Kynning á framvindu verkefnisins.

*Búið er að skoða húsnæðið og margar hugmyndir komið fram varðandi dagstarf þorpsins og kvöldstarf Hvíta hússins.*

*Nýlega er búið að tæma húsnæðið.*

*Vonast er til að formleg opnun verði fljótlega.*

**4. 2104146 - Ungmennaráð 2021**

Mönnun ungmennaráðs og starfsáætlun

*Verið er að ganga frá síðustu tilnefningum í ungmennaráðið.*

*Skípa þarf áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð og fulltrúa í starfshópa.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu og Ívari fyrir kynningu og yfirferð á liðum 1-4.*

*Heiðrún og Ívar Orri víkja af fundi.*

**5. 2109170 - Gjaldskrár 2022**

Fjárhagsáætlunargerð - gjaldskrár.

*Lagt fram til umræðu.*

**6. 1908107 - Dagforeldrar - starfshættir**

Kynning á erindi frá þjónustuþega.

*Lagt fram til umræðu.*

**7. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Samningur Akraneskaupstaðar og ÍA um rekstur og samskipti gildir til 31. desember 2021.

Í samningi segir að það sé vilji beggja aðila að vinna að gerð nýs samnings til lengri tíma og sú vinna hefjist haust 2021.

*Skóla- og frístundaráð tilnefnir eftirfarandi fulltrúa til þess að vinna með ÍA að endurskoðun samnings við Akraneskaupstað: Valgarð Lyngdal Jónsson fulltrúa meirihluta og Söndru Margréti Sigurjónsdóttur fulltrúa minnihluta.*

**8. 2108111 - Loftgæði og raki í stofnunum Akraneskaupstaðar**

Skóla- og frístundaráð upplýst um framvindu verkefnis Verkís í úttekt á stofnunum Akraneskaupstaðar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:20.**